

Söngdagskrá Ísaksskóla 2023-2024

25. - 29. september

Evrópski tungumáladagurinn á þriðjudegi

Vinur minn

Flugdrekinn

Do re mí (Söngvaseiður- do er dós)

Góðan daginn

Sumri hallar

Skólasöngur

2. - 6. október

Endalaus gleði

Skólasöngur

Vinur minn

Flugdrekinn

Do re mí

Góðan daginn

9. - 13. október

Foreldradagur á þriðjudegi

Skipulagsdagur á miðvikudegi

Flugdrekinn

Do re mí

Góðan daginn

Vinur minn

Endalaus gleði

Sumri hallar

Íslenskt þjóðlag

Þjóðvísur

Sumri hallar, hausta fer,

heyri snjallir ýtar,

hafa fjallahnjúkarnir

húfur mjallahvítar.

Girnast allar elfur skjól

undir mjallarþaki.

Þorir varla að sýna sól

sig að fjallabaki.

Verður svalt, því veður er breytt

vina eins og geðið.

Þar sem allt var áður heitt

er nú kalt og freðið.

Skólasöngur

Lag og ljóð: Björk Sigurðardóttir

Samið í tilefni af 90 ára afmæli Ísaksskóla árið 2016

Með fjör í augum, framtíð bjarta,

fyrir en varir byrja

lítil börn með lungu' og hjarta'
að leika sér og spyrja.

Í skóla fá þau svör og starf,

söng og gleði skarta,

visku, dyggð og von í arf,

í veganesti' að narta.

„Lífið er eins og lækur sprækur,

lesum fleiri' og fleiri bækur.

Lífið er eins og lækur sprækur,

Vinur minn

Lag og ljóð: Hafdís Huld Þrastardóttir

og Alisdair Wright

Það er skemmtilegast að leika sér

þegar allir eru með.

Í stórum hópi' inn um hlátrasköll,
geta ævintýrin skeð.

Svo vertu velkominn,

nýi vinur minn.

Það er skemmtilegast að leika sér

þegar allir eru með.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros

fengið getur breytt.

Getur glatt og huggað jafnvel þá

sem við þekkjum ekki neitt.

Svo vertu velkominn,

nýi vinur minn.

Það er ótrúlegt hverju lítið bros

fengið getur breytt.

Flugdrekinn

Lag og ljóð: Herdís Egilsdóttir

Uppi í loftinu líta má hér
eitt listaverk skorið í gler.
Það er dreki með dansandi glansandi stél,
sem dillar og bylgjast svo vel.

Þú ert velkominn vinur hér inn,
þú veist hér er staðurinn þinn.
Þá ljósgjafans dýrð gegnum litina fer
er söngur í sálu mér.
Þá ljósgjafans dýrð gegnum litina fer
er söngur í sálu mér.

Do- Re- Mí

Lag: Rodgers og Hammerstein
Ljóð: Ingibjörg Þorbergs

Do er dós af djásnum full
Re er refur, rándýr eitt.
Mí er mýsla mórætt grey
Fa er fax á fáki greitt
So er sólin sæla skín
La er lamb í laut'og mó
Tí er tína berin blá
Byrjum aftur svo á ..
Do er dós af djásn....

.....aftur svo á Do
– Do Re Mí Fa So La Tí Dooo.

Góðan daginn

Lag og ljóð: Konrad Rohr
Þýðing: Elfa Lilja Gísladóttir

Góðan daginn, góðan daginn,
guten Tag, ja, god dag.
Buon giorno, good morning.
Buenos dias, bonjour.

Endalaus gleði

Lag: Ásbjörg Jónsdóttir
Ljóð: Jón Pálsson

Vetur, sumar, vor og haust,
vindur áfram endalaust,
kemur vetur kaldar tær,
krakkar leika nær og fjær.

Vorið aftur vermir kropp,
viltu kom' í húllahopp,
síðan kemur sumarfrí,
sólin glæðir borg og bý.

Hillir aftur undir haust,
hefst upp okkar gleðiraust,
vetur, sumar, vor og haust,
vindur áfram endalaust.